

48.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 28.ágúst 2014 og hófst kl. 20.00.

Mætt: Sigurjón, Ása, Kári, Sturla og Gry. Júlían J.K. Jóhannsson, formaður mótanefndar, sat hluta af fundinum.

Þetta gerðist:

- Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
- Mótaskrá 2015
Júlían, formaður mótanefndar fór yfir stöðu mála og þær óskir sem hafa borist frá félögum um mót á næsta tímabili.
Ákveðið var að halda byrjenda- og lágmarksmót 21.febrúar.
Júlían ætlar að ræða við Breiðablik um að halda ÍM í bekkpressu í janúar.
Gry ætlar að skoða möguleikana á að bjóða fyrirlesara hingað í tengslum við RIG.
- Opnu Norðurlandamótin 2014.
Stjórn KRAFT lét bóka sérstakar þakkir til Sturlu Ólafssonar, Gunnlaugar Olsen og þeirra félaga í Massa fyrir alla vinnuna í tengslum við Norðurlandamótin í Njarðvíkum. Mótin fóru í alla staði vel fram og voru heimamönnum til mikils sóma. Stjórnin óskar um leið öllum Norðurlandameisturum og verðlaunahöfum til hamingju með árangurinn.
- Afrekssjóður.
Kári og Sigurjón kynntu stöðuna vegna skila á skýrslum til afrekssjóðs. Málið er áfram í þeirra höndum.
- Lágmrk á ÍM í opnum flokki.
Tillögur að lágmrkum voru kynntar á formannafundi í vor. Athugasemdir bárust frá Kraftlyftingadeild Gróttu. Voru þær ræddar og verður tekið tillit til þeirra í framhaldinu. Endanleg afgreiðsla frestað til næsta fundar.
- Formannafundur ákveðinn 14.nóvember kl. 18.00
Á dagskrá fundarins verður endurskoðun afrekssstefnu, endurskoðun reglugerða o.fl.
Gry boðar fundinn.
- Dómarapróf.
Upplýst var að dómarapróf verður haldið 7.september nk. Ármann heldur æfingarmót í tengslum við prófið.
- Þjálfaranámskeið.
Upplýst var að sérgreinahluti Þjálfara 1 verður í boði vor 2015 og hefst með námskeiði 23.janúar

Fundi slitið kl. 21.30

Fundarritari: Gry Ek